



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagurinn, 19. mars, 2007

Ákvörðun nr. 8/2007

Kaup Bílanausts hf. á Bæjardekki ehf., Dekki.is ehf. og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf.

1.

Með bréfum Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., dags. 28. desember 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Bílanausts hf., (hér eftir Bílanaust), á Bæjardekki ehf. og Dekki.is ehf. annars vegar og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf. hins vegar.

Í bréfunum kemur fram að Bílanaust kaupi alla hluti í einkahlutafélögunum Bæjardekki ehf. og Dekki.is ehf. annars vegar og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf. hins vegar. Með í kaupunum fylgi allar eignir og skuldir, allur rekstur, búnaður, tæki og lagerar á starfsstöðvum og/eða í bókum hinna seldu félaga, ásamt viðskiptasamböndum og viðskiptavild félaganna. Bréfunum fylgdu samrunaskrár sem taka mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfunum fylgdu einnig kaupsamningar, dags. 28. og 29. september 2006. Þá fylgdu skránum einnig ýmis gögn um viðkomandi félög, s.s. tölur frá Hagstofu Íslands um innflutning á hjólbörðum, greining Bílanausts á hjólbarðamarkaðnum og ársreikningar viðkomandi félaga, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Með bréfi dags. 25. janúar 2007 tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Í samrunatilkynningu vegna kaupa Bílanausts á Bæjardekki og Dekki.is segir að Bílanaust sé „verslunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í varahlutum og öðrum vörum tengdum rekstri bifreiða. Samhliða smásölurekstrinum rekur Bílanaust umfangsmikla heildsölu á bíla- og rekstrarvörum til verkstæða, verslana bensínstöðva og annarra endurseljanda um allt land. Þá rekur Bílanaust einnig póstverslun“. Ennfremur segir að Bílanaust eigi nokkur dótturfélög sem starfi á hjólbarðamarkaðnum. Þá segir að verslanir Bílanausts selji auk varahluta og aukabúnaðar „meðal annars bílalökk, olíu og efnavörur, vatnskassa, þústkerfi og rafgeyma fyrir nánast allar gerðir bifreiða sem seldar eru á Íslandi“. Um tilgang félagsins segir að hann sé samkvæmt samþykktum þess „að reka umboðs-, innflutnings-, heildsölu- og smásöluverslun með alls konar varahluti, verkfæri, málningarvörur, fatnað, ferðavörur og skyldar vörur, iðnstarfsemi, rekstur fasteigna, lánstarfsemi og skyldur rekstur.“

Í tilkynningunni segir um Bæjardekk að fyrirtækið sé hjólbarðaverkstæði. Um starfsemi þess segir að verkstæðið selji hjólbarða, annist hjólbarðaviðgerðir, hjólbarðaskipti, hjólastillingar ásamt því að veita smurþjónustu. Þá segir að tilgangi félagsins sé lýst í samþykktum þess sem „rekstri dekkjaverkstæðis og smurstöðvar og skyldum rekstri, ásamt tilheyrandi eignum og lánstarfsemi.“

Um Dekk.is segir að félagið hafi stundað innflutning hjólbarða o.fl. og selt til Bæjardekk. Til hafi staðið hjá seljendum að nota lénið dekk.is í framtíðinni fyrir umfangsmeiri starfsemi m.a. sem netverslun, fyrir tímapantanir og þessháttar þó slíkri starfsemi hafi enn sem komið er ekki verið komið á laggirnar. Tilgangi félagsins er lýst í samþykktum sem smásölu og heildsölu, rekstri fasteigna og lánstarfsemi.

Samrunaaðilar telja að bein skörun milli félaganna sé engin. Samrunaaðilar taka þó fram að Bæjardekk starfi á sama markaði og dótturfélög Bílanausts; Hjólbarðaviðgerðin, Gúmmívinnustofan, Hjólbarðahöllin sem og Dekkið á sviði smásölu með hjólbarða auk tilheyrandi þjónustu og á sama markaði og Ísdekk á vettvangi heildsölu. Að þessu leyti sé um láréttan samruna að ræða. Þá sé einnig um lóðréttan samruna að ræða að því leyti að Ísdekk og Dekk.is starfa á fyrra sölustigi miðað við Gúmmívinnustofuna, Hjólbarðahöllina, Hjólbarðaviðgerðina, Dekkið og Bæjardekk. Samrunaaðilar telja að mikil staðganga sé á þessum markaði og að hinn almenni neytandi geri lítinn mun á hjólbörðum. Einnig séu margar vörutegundir í boði í hverri dekkjastærð fyrir sig. Þá séu mjög margir innflytjendur á þessum markaði sem geri þetta mikla vöruúrval mögulegt í hverjum flokki.

3.

Í samrunatilkynningu Bílanausts vegna kaupa á Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu segir að Dekkið sé hjólbarðaverkstæði sem selji hjólbarða, annist hjólbarðaviðgerðir, hjólbarðaskipti og hjólastillingar fyrir allar helstu bifreiðategundir. Þá hafi félagið sinnt minniháttar bifreiðaviðgerðum. Tilgangi félagsins sé lýst í samþykktum sem rekstri hjólbarðaverkstæðis og skyldri starfsemi, innflutningi, rekstri fasteigna og lausafjár ásamt lánstarfsemi tengdri rekstrinum, ávöxtun eigna og öðrum skyldum rekstri.



Að mati samrunaaðila sé því bein skörun milli Dekksins og annara félaga í eigu Bílanausts engin. Þó sé ljóst að Dekkið starfi á sama markaði og dótturfélag Bílanausts, þ.e. Gúmmívinnustofan, Hjólbarðahöllin og Hjólbarðaviðgerðin, sem og Bæjardekk, á markaði fyrir sölu hjólbarða til neytenda. Dótturfélag Bílanausts, Ísdekk ehf. starfi hins vegar ekki á sama markaði enda sé þar um heildsölu að ræða og félagið því starfandi á öðru sölustigi. Að því leyti sé um lóðréttan samruna að ræða.

4.

Aðilar telja að áhrifa beggja samruna muni fyrst og fremst gæta á markaði fyrir sölu hjólbarða til neytenda og þjónustu henni tengdri. Markaðshlutdeild fyrirtækjanna sé þó ekki slík á þeim markaði að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist.

Um markmið beggja samruna segir að það sé „fyrst og fremst að víkka út starfsemi Bílanausts. Bílanaust telur að mikil samlegðaráhrif séu í tekju- og gjaldaliðum félaganna, auk þess sem tækifæri eru [sic] til að auka hagkvæmni í rekstri þeirra. Slík endurskipulagning kæmi öllum neytendum til góða auk félaganna sjálfra.“

Að mati samrunaaðila felist samlegðaráhrif kaupanna í báðum tilvikum „*einkum í samnýtingu dreifileiða við innflutning, solumál, lagerhald o.s.frv. Bílanaust telur óhætt að fullyrða í ljósi þess gríðarstóra markaðar, fjölda söluaðila og sölustaða, sem eru með þessar vörur, að markaðsráðandi staða mun hvorki myndast né styrkjast hjá Bílanausti. Samkeppnislegt aðhald er mjög mikið og aðgangur að markaðnum mjög opinn og því engar líkur á að samrunaaðilar geti starfað án þess að taka tillit til keppinauta sinna*“.

Til viðbótar ofangreindum upplýsingum frá aðilum aflaði Samkeppniseftirlitið ýmissa gagna í því skyni að meta áhrif samrunanna á samkeppni.

5.

Samkeppniseftirlitið telur rétt að sameina umfjöllun um framangreinda tvo samruna í eina ákvörðun þar sem um er að ræða kaup Bílanaust á fyrirtækjum á sömu mörkuðum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela annars vegar kaup Bílanaust á Bæjardekki og Dekki.is og hins vegar kaup Bílanausts á Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og falla samrunarnir undir samrunaefartilrit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Í þessu sambandi er bent á að þrátt fyrir að velta Dekk.is sé undir veltumörkum 17. gr. þá lítur Samkeppniseftirlitið svo á að þar sem bæði Dekk.is og Bæjardekk eru í eigu og þar með yfirráðum sömu aðila þá sé það samhlöðugt velta þeirra sem beri að skoða við mat á því hvort veltuskilyrði 17. gr. séu uppfyllt.

6.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða



styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa þeirra samruna sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta á sviði smásölu, viðgerða og skiptinga á hjólbörðum. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samrunarnir muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginlega markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim mörkuðum sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu. Í því sambandi má einnig benda á að samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins er innflutningur á dekkjum auðveldur og veitir innlendum heild- og smásöllum umtalsvert verðaðhald. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins og samtölum við keppinauta er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Bílanausts á Bæjardekki, Dekki.is og Dekkinu á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningum, dags. 28. og 29. september 2006, keypti Bílanaust hf. allt hlutafé í Bæjardekki ehf. og Dekki.is ehf. annars vegar og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf. hins vegar. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umræddra samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson